

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kirkjusandur 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 16. febrúar 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst að breytt er notkun, byggingarmagni, byggingarreitum og skilmálum lóðar A. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturgata 61.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 1. júní 2023, breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits vegna lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir þ.e. Vesturgötu 61 og Seljaveg 8. Á hvorri lóð er skilgreindur byggingarreitur og leyfilegt að byggja eitt íbúðarhús innan hvors reits.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. júní 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 29. júní 2023